

Efnaeftirlit á áætlun 2025 – Notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni

Söluskrár 2024 og tilnefning ábyrgðaraðila í markaðssetningu

Dagsetning	31.03.2025
Fyrirtæki	Sölufélag garðyrkjumanna ehf.
Heimilisfang	Brúarvogi 2, 104 Reykjavík
Kennitala	4405982189
Starfsemi	Heildsala
Eftirlitsstaður	Á ekki við
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Á ekki við
Eftirlitsmaður	Kristín Silja Guðlaugsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Guðni Hólmar Kristinsson

Samantekt

Umhverfis- og orkustofnun stóð fyrir eftirliti hjá Sölufélagi garðyrkjumanna ehf. með söluskrám ársins 2024 vegna sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum og tilnefningu ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara, sbr. hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna. Fyrirtækið upplýsti Umhverfis- og orkustofnun um að það hafi ekki selt neinar notendaleyfisskyldar vörur á árinu 2024 og reikni ekki með að gera það í framtíðinni. Af framansögðu ber fyrirtækinu ekki skylda til að tilnefna ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara.

Merking hugtaka og skammstafanir

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

- **Ábyrgðaraðili:** Nafngreindur ábyrgðaraðili sem tilnefndur er af þeim sem býður plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni fram á markaði til að hafa umsjón með markaðssetningu þeirra.
- **Notendaleyfi:** Leyfi sem veitir nafngreindum einstaklingi heimild til að kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur.
- **Notendaleyfisskyld vara:** Plöntuverndarvara eða útrýmingarefni þar sem skilgreint er í markaðsleyfi að varan sem um ræðir sé einungis ætluð til notkunar í atvinnuskyni, enda sé krafist sérstakrar kunnáttu við notkun hennar.
- **Markaðssetning:** Að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

Hvað varðar plöntuverndarvörur er markaðssetning það að hafa umráð með sölu, þ.m.t. að bjóða þær til sölu eða afhendingar í öðru formi, hvort heldur er gegn gjaldi eða án endurgjalds, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að undanskilinni endursendingu til fyrri seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á EES telst markaðssetning.

Hvað varðar sæfivörur er markaðssetning það að bjóða tiltekna sæfivöru eða meðhöndlaða vöru fram í fyrsta sinn á markaði, þ.m.t. öll afhending sæfivöru eða meðhöndlaðrar vöru til dreifingar eða notkunar meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

- **Tímabundin skráning:** Plöntuverndarvörur sem voru með gildar skráningar skv. eldri löggjöf áður en efnalög nr. 61/2013 tóku gildi og sótt var sérstaklega um tímabundna skráningu, sbr. ákvæði til bráðabirgða í efnalögum. Tímabundnar skráningar plöntuverndarvara gilda þar til að lokið er við að áhættumeta virka efnið í vörunni eða þar til að virka efnið í vörunni hefur verið bannað.
- **Markaðsleyfi:** Leyfi sem veitt er vöru á grundvelli áhættumats. Plöntuverndarvörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út, sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Sæfivörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út, sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.
- **Leyfishafi:** Einstaklingur eða lögaðili sem er handhafi leyfis fyrir plöntuverndarvöru eða sæfivöru.

Markaðssetning notendaleyfisskyldra vara

Um markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara gildir 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og II. kafli reglugerðar nr. 677/2021. Dreifandi, sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur, skal tilgreina nafngreindan ábyrgðaraðila til að tryggja að nægjanleg fagþekking sé innan fyrirtækisins. Slíkur einstaklingur skal vera til taks þegar sala fer fram til að veita viðskiptavinum fullnægjandi upplýsingar um notkun varanna og áhættu fyrir heilbrigði og umhverfið. Umhverfis- og orkustofnun staðfestir með útgáfu vottorðs að dreifandi hafi tilnefnt ábyrgðaraðila í markaðssetningu. Notendaleyfisskyldum vörum skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að þær séu ekki aðgengilegar viðskiptavinum heldur skulu þær afhentar sérstaklega. Sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur skal halda skrá yfir sölu þeirra og afhenda Umhverfis- og orkustofnun upplýsingar um kaupanda og selt magn á því formi sem stofnunin tilgreinir.

Kaup og móttaka notendaleyfisskyldra vara

Til að taka við, kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur skal einstaklingur vera handhafi að notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum og/eða útrýmingarefnum, eins og við á, sbr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021. Sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur ber ábyrgð á því að einungis handhöfum notendaleyfa séu afhentar slíkar vörur.

Umfang eftirlits

Umhverfis- og orkustofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í því skyni hefur stofnunin m.a. eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögin með samræmdum hætti á landinu öllu. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og með vörum sem þurfa markaðsleyfi.

Stofnunin stóð fyrir eftirliti hjá Sölufélagi garðyrkjumanna ehf. og var markmið þess að skoða hvort markaðssetning notendaleyfisskyldra vara sem fyrirtækið setur á markað uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 677/2021 um að einungis handhöfum gilds notendaleyfis fyrir annars vegar plöntuverndarvörum og hins vegar útrýmingarefnum hafi verið afhentar umræddar vörur. Einnig var markmið eftirlitsins að skoða hvort fyrirtækið hafi tilnefnt

ábyrgðaraðila í markaðssetningu og hlotið vottun Umhverfis- og orkustofnunar á tilnefningunni.

Í bréfi stofnunarinnar, dags. 3. mars 2025, var kallað eftir skráum frá Sölufélagi garðyrkjumanna ehf. vegna sölu ársins 2024 á notendaleyfisskyldum vörum og óskað eftir eftirfarandi upplýsingum varðandi hverja og eina vöru: dagsetning sölu, nafn notendaleyfishafa, kennitala notendaleyfishafa, gildistími notendaleyfis þegar sala fór fram, nafn fyrirtækis (ef við á), kennitala fyrirtækis (ef við á), heiti vöru, styrkur virks efnis/virkra efna, umbúðastærð vöru, og fjöldi seldra/afhentra vörueininga. Einnig var óskað eftir upplýsingum um tilnefndan ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara hjá fyrirtækinu.

Niðurstaða eftirlits

Þann 3. apríl 2025 upplýsti Sölufélag garðyrkjumanna ehf. Umhverfis- og orkustofnun um að fyrirtækið hafi ekki selt neinar notendaleyfisskyldar vörur á árinu 2025 og reikni ekki með að gera það í framtíðinni.

Þar sem Sölufélag garðyrkjumanna ehf. seldi engar notendaleyfisskyldar vörur á árinu 2024 ber fyrirtækinu ekki skylda til að tilnefna ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara. Vakin er athygli á að ef fyrirtækið hyggst markaðssetja notendaleyfisskyldar vörur í framtíðinni þarf það að tilnefna ábyrgðaraðila í markaðssetningu.

Selfossi, 20. ágúst 2025

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála